

Raddir skilnaðarbarna: Um jafna búsetu hjá foreldrum eftir skilnað

Í greininni er kynnt rannsókn á reynslu uppkominnna skilnaðarbarna af jafnri búsetu hjá foreldrum eftir skilnað. Hún er framhald fyrri rannsókna höfunda um forsjá, búsetu, foreldrasamstarf og kynslóðasamskipti foreldra og ömmu/afa í 16 fjölskyldum. Rannsóknin er tvískipt: Megindegur hluti um umfang og sýn 18–59 ára einstaklinga á landsvísi með reynslu af skilnaði foreldra og jafnri búsetu hjá þeim eftir skilnaðinn, og eigindlegur hluti með einstaklingsviðtölum við 16 skilnaðarbörn um uppvaxtarreynslu þeirra af jafnri búsetu. Niðurstöður benda til almennt jákvæðrar reynslu af jafnri búsetu. Jafnframt komu fram skýr gagnrýnin sjónarmið varðandi öryggiskennd barnanna. Það átti einkum við þegar foreldrar velja fyrirkomulagið út frá eigin hagsmunum og án tillits til viðurkenndra forsendna sem þurfa að vera fyrir hendi ef vel á að takast til fyrir börnin. Í lokin eru niðurstöður ræddar og dregnar af þeim ályktanir um þjónustubörf og lagabreytingar.

Efnisorð: jöfn búseta, skilnaður, foreldrasamstarf, velferð barna, skilnaðarráðgjöf, fjölskyldulöggjöf

INNGANGUR

Jöfn búseta barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað færast víða í vöxt. Það á við bæði á Íslandi, annars staðar á Norðurlöndum og víðar. Um fjórðungur skilnaðarforeldra velur þetta fyrirkomulag, með breytilegri útfærslu (Bergström o.fl., 2013; Carlsund, Eriksson, Löfstedt og Sellström, 2013; Kitterød, Lyngstad, Nymoen og Wiik, 2014; Ottosen, 2010). Þessi þróun tengist m.a. auknu foreldrajafnrétti og breyttum viðhorfum til foreldra-ábyrgðar ásamt hugmyndum um vernd barna og rétt þeirra til beggja foreldra (Benedikt Jóhannsson, 2012; Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2009; Sigrún Júlíusdóttir, 2006, 2012; Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008; Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000, 2005; Þóroddur Bjarnason og Ársæll M. Arnarsson, 2011).

Skilgreiningin á hugtakinu *jöfn búseta* (e. joint physical custody), sem ekki er til í íslenskum lögum, felur í sér að barn dvelji jafnt til skiptis hjá báðum foreldrum eftir skilnað

(Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Sumir kjósa að tala um tvískipta eða jafnskípta búsetu. Búsetuskipanin getur verið breytileg, allt frá skiptingu í 9/5 (dagar), 7/7 (vikur/viku), tvær vikur/tvær vikur og upp í lengri tíma hjá hvoru foreldri. Foreldrar ákveða hvernig þeir hafa þessu fyrirkomulagi og það er óháð forsjárskipan. Hugtakið *skilnaðarbarn* er hér á eftir notað um einstaklinga sem hafa reynt skilnað foreldra þegar þeir sjálfir voru á barns- eða unglingsárum, þ.e. undir 18 ára aldri.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að ákveðnir þættir virðast hafa áhrif á val foreldra, bæði á forsjár fyrirkomulagi og búsetuformi. Hér koma til gæði samskipta foreldra, uppeldishlutverk og verka- og ábyrgðarskipting á heimili fyrir skilnað og sátta- og samstarfshæfni í sjálfu skilnaðarferlinu (Bergström, Fransson, Hjern, Köhler og Wallby, 2014). Jafnstaða kynjanna hefur einnig áhrif, ekki síst á föðurhlutverkið (Guðný Björk Eydal og Rostgård, 2015; Plantin, 2001; Smart, 2004). Þá skipta máli tekjur foreldra, menntun þeirra, atvinnuhagir og persónuþroski, auk fjölda og aldurs barna (Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir, 2015; Juby, Bourdais og Marcil-Gratton, 2005; Kelly, 2007; Ottosen, 2002; Smyth og Weston, 2004; Swiss og Bourdais, 2009).

Reynslan

Á Norðurlöndum hefur jöfn búseta og afdrif barna sem hafa alist upp við það form nokkuð verið rannsökuð (Bergström o.fl., 2014; Carlsund o.fl., 2013; Ottosen og Schwarz, 2013; Skjørten, Barlinhaug og Lidén, 2007). Niðurstöður þeirra rannsókna benda til þess að reynsla foreldra sé almennt jákvæð en háð ákveðnum forsendum. Samkvæmt niðurstöðum skilnaðarrannsókna, m.a. um sýn uppkominnna skilnaðarbarna, og af klínískri reynslu er nú vitað að nokkur atriði skapa meginforsendur fyrir því að jöfn búseta heppnist vel og stuðli að góðri aðlögun og tilfinningalegri vellíðan barns eftir skilnað foreldra. Þessar forsendur eru að foreldrar: (a) hafi unnið sig út úr tilfinningalegum átökum og ósætti sín á milli; (b) geti átt lipur samskipti, rætt saman og miðlað upplýsingum um daglegt líf barnsins; (c) láti velferð barnsins sitja í fyrirrúmi fyrir eigin þörfum og hagsmunum; (d) stuðli að samfelli í lífi barnsins, m.a. með því að búa í sama (skóla)hverfi; (e) beri jafna ábyrgð og taki bæði þátt í atburðum í lífi barnsins; (f) styðji tengsl barnsins við ömmur/afa og frændgarðinn beggja megin; (g) virði aðstæður og einkalíf hvors annars (Ahrns, 2007; Jensen, 2013; Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013; Sodermans, Matthijs og Swicegood, 2013; Wallerstein, 2005).

Ónóg þekking liggur fyrir um reynslu og mat skilnaðarbarnanna sjálfra á þessu búsetu-fyrirkomulagi. Fagfólk leggur áherslu á að klínísk reynsla bendi ýmist til jákvæðrar reynslu eða annmarka sem hafa haft afdrifarík áhrif á líf barnanna og að ekki hafi verið nægilega rannsakað með sannreyndum hætti hver (langtíma)áhrif fyrirkomulagsins eru á heilsu og vellíðan barna, m.a. eftir aldri þeirra og þroska og aðstæðum foreldra við skilnað (Ahrns, 2004; Jensen, 2013; Skjørten o.fl., 2007; Sólveig Sigurðardóttir, 2009; Öberg og Öberg, 2002).

Skýrar vísbendingar eru þó um kosti þessa fyrirkomulags bæði fyrir börn og foreldra (Carlsund, Eriksson og Sellström, 2013; Marie Greve Rasmussen, 2012; Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Í stuttu máli virðist það vera hjá best settu foreldrunum og börnum þeirra sem jöfn búseta gefur góða raun öðrum fremur. Á það við um

félagsaðstæður, persónuþroska og fjárhag (Ottosen og Schwarz, 2013; Ottosen og Stage, 2011). Samanburður á afdrifum barna eftir fjölskyldugerð og búsetuformi almennt bendir til þess að skilnaðarbörnum í jafnri búsetu reiði jafn vel af sál-félagslega og börnum sem hafa ekki reynt skilnað foreldra (Benedikt Jóhannsson, 2012; Carlsund o.fl., 2013; Þór-oddur Bjarnason og Ársæll M. Arnarsson, 2011; Þóroddur Bjarnason o.fl., 2012).

Af alþjóðlegum yfirlitsrannsóknum, tölfraeðiupplýsingum og ummælum fagfólks má ráða að vitneskja er ekki fullnægjandi um það hvaða máli forsjárfyrirkomulag, búseta og umgengnisform skipta í sjálfu sér. Það séu samvinna og samskipti foreldranna sem ráða úrslitum, samanber forsendur sem nefndar voru hér að framan. Reynsla og svör kynjanna eru oft ólík, og erfitt er að taka tillit til áhrifaþátta einsog fjölda og aldurs barna, sál-félagslegrar stöðu foreldra, tímasetningar skilnaðar, tengslanets og samskipta í fjölskyldu. Þannig má ætla að seint verði fundið það form sem mæla megir með fyrir alla. Líklegt er að áfram muni fagleg ráðgjöf með greiningu á aðstæðum hvers foreldrapars, byggð á því sem best er vitað, vera sú leið sem vænlegust er til að beina skilnaðarforeldrum í heppi- legan farveg og samstarf um velferð barna sinna.

Lagalegt sjónarhorn

Löggjöf á sviði barnaréttar hefur gjörbreyst hér á landi á síðustu fjórum áratugum. Ísland var síðast Norðurlanda til að lögfesta ákvæði um sameiginlega forsjá eftir hjónaskilnað og sambúðarslit og um heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá. Sama má segja um ákvæði er varða umgengni foreldra og barna eftir hjónaskilnað og sambúðarslit. Umgengnisréttur foreldris skilgetins barns, sem ekki fór með forsjá þess eftir hjónaskilnað, var fyrst lögfestur árið 1972 (Davíð Þór Björgvinsson, 1995). Réttur foreldris óskilgetins barns til umgengni við barnið var lögfestur níu árum síðar.

Barnalög nr. 9/1981 voru fyrsta heildstæða löggjöfin um börn og foreldra. Þá var sett í lög sameiginleg forsjá barns sambúðarforeldra, en áður hafði hún einungis gilt um foreldra í hjúskap. Möguleiki á sameiginlegri forsjá eftir hjónaskilnað eða sambúðarslit foreldra komst á með barnalögum nr. 20/1992 og varð að meginreglu fjórtán árum síðar (lög nr. 69/2006). Frá 1. janúar 2013 (lög nr. 61/2012) varð dómurum heimilt að dæma sameiginlega forsjá foreldra. Foreldrum var með lögum tryggt ráðgjöf vegna deilu um umgengni eða forsjá árið 2001 en með lagabreytingunni 2012 var sáttamiðlun gerð að skyldu ef til ágreinings kæmi milli foreldra og hún gerð að forsendu þess að unnt væri að leita með þann ágreining til sýslumanns eða dómstóla.

Mikilvægt er að huga að samhengi laga og atferlis foreldra. Í Belgíu hafa foreldrar t.d. kosið jafna búsetu barna sinna eftir skilnað í auknum mæli og hefur löggjöfin þróast í samræmi við það. Jöfn búseta varð meginregla þar í landi árið 2006 og hefur sú skipan mála þannig orðið til muna algengari. Sá hópur foreldra sem áður valdi jafna búsetu hafði betri félagsstöðu, meiri menntun og hærri tekjur, og átti síður í ágreiningi sín á milli en aðrir skilnaðarforeldrar. Eftir því sem fleiri foreldrar hafa valið jafna búsetu hefur þessi hópur smám saman orðið sundurleitari. Með því hefur aukist hættan á því að foreldrar sem eiga í deilum og ágreiningi sín á milli, og geta illa unnið saman, kjósi samt jafna búsetu. Þetta kann að hafa neikvæðar afleiðingar fyrir börnin sem í hlut eiga (Kittler og Lyngstad, 2012; Ottosen og Schwarz, 2013; Sodermans o.fl., 2013). Þótt ýmsar

vísbendingar séu um að skilyrða þurfi þennan valkost, til verndar börnunum, hefur lög-gjöf hvergi, svo vitað sé, verið skýrt mótuð á þeim grunni.

Í rannsókninni *Eftir skilnað* (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013) kom fram mjög jákvæð reynsla þeirra foreldra sem höfðu valið jafna búsetu, og það átti einnig við um ömmur og afa í þeim fjölskyldum. Umfangsmiklar upplýsingar fengust um forsjá, búsetu, foreldrasamstarf og kynslóðasamskipti í 16 fjölskyldum, með 45 einstaklingsviðtölum við foreldra og ömmur/afa beggja vegna. Raddir barnanna sem í hlut áttu heyrðust þó ekki, og þannig var aðeins hálf sagan sögð. Þessir foreldrar voru sál-félagslega vel settir og áttu í góðu foreldrasamstarfi og samskiptum sín á milli. Við úrvinnslu efniviðarins vöknudu frekari spurningar. Meðal annars varð nú forvitnilegt að (a) kanna almenna þróun jafnrar búsetu á Íslandi, fá fram umfang og reynslu, og (b) leita eftir nýrri þekkingu með upplýsingum um sjónarhorn skilnaðarbarna sem byggðar væru á uppvaxtarreynslu þeirra sjálfra.

Hér á eftir er sagt frá aðferð og niðurstöðum framhaldsrannsóknar út frá þessum rannsóknarspurningum. Í umræðuhluta eru niðurstöður ræddar í ljósi uppeldislegrar velferðar skilnaðarbarna, lagalegs sjónarhorns og stefnumótunar um skilnaðarráðgjöf.

AÐFERÐ

Rannsóknin sem hér er kynnt er tvískipt. Í megindegum hluta er leitað svara við spurningunni um þróun og umfang jafnrar búsetu, en í seinni hlutanum er aflað þekkingar með viðtalskönnun við uppkomin skilnaðarbörn. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar. Undirbúningur og gagnasöfnun beggja hluta fór fram á tímabilinu 2012–2014. Niðurstöður í megindega hlutanum eru lýsandi og í prósentutölum, en ekki er tilefni til að setja þær fram í töfluformi. Í eigindlega hlutanum eru niðurstöður settar fram eftir greindum efnispáttum og í þeim með tilvitnunum í frásagnir viðmælenda (VM).

Megindegur hluti

Leitað var svara við fyrri rannsóknarspurningunni með því að senda út þrjár spurningar í þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar, sem nær til allra aldurshópa 18–59 ára á landsvísu. Könnunin náði til 4066 einstaklinga og var unnin veturinn 2012–2013. Tekið var lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Úrtakið var lagskipt eftir kyni, aldri og búsetu svo að það endurspegladi sem best samsetningu landsmanna. Alls svöruðu 2563 könnuninni og var svarhlutfall því 63%. Svörun var lakari meðal karla og í yngsta aldurshópnum, og voru svörin því vegin eftir kyni, aldri og búsetu til að niðurstöður gæfu sem réttasta mynd af þýði. Spurningarnar þrjár voru:

- (1) *Skildu foreldrar þínir/slitu foreldrar þínir samvistum þegar þú varst undir 18 ára aldri?* Svarkostir voru nei eða já, og spurt á hvaða aldri svarandi var þá.
- (2) *Hefur þú búið við jafna búsetu, þar sem þú bjóst til skiptis hjá foreldrum þínum í jafn langan tíma?* Svarkostir voru nei eða já, og spurt um tímabil sem svarandi bjó við jafna búsetu.

- (3) *Myndir þú mæla með þessu fyrirkomulagi við skilnaðarforeldra í dag? Svarkostir voru nei eða já. Opin fylgispurning var: Ef nei, af hverju og ef já, af hverju?*

Eigindlegur hluti

Í eigindlegum hluta rannsóknarinnar var leitað svara við seinni rannsóknarspurningunni um reynslu uppkominnna skilnaðarbarna af jafnri búsetu. Tekin voru 16 hálfstöðluð einstaklingsviðtöl við fullorðin skilnaðarbörn. Notað var tilgangsrúttak þar sem viðmælendur fengust eftir kynningu meðal háskólanema og með snjóboltaaðferð, það er viðmælendur bentu á aðra aðila sem uppfylltu skilyrði rannsóknarinnar. Einnig samþykktu nokkrir svarenda í meginlegu könnuninni að taka þátt í viðtalskönnun. Allir undirrituðu upplýst samþykki fyrir þátttöku, vinnslu upplýsinga og kynningu niðurstaðna. Viðtölin, sem tóku að jafnaði um 40 mínútur, fóru fram í Háskóla Íslands og voru tekin upp og afrituð. Notaður var (hálfopinn) spurningavísir um valda efnisþætti (e. focused interview) sem mynduðu grunninn að nánari úrvinnslu efniviðarins. Í viðtalinu var unnið út frá verufræðilegri áherslu á að frásagnirnar spegluðu eigin reynslu viðmælendanna af jafnri búsetu. Rannsóknargögnin voru greind á þann hátt að þau voru marglesin yfir. Meginþemu í frásögnunum voru fundin og skráð og einnig beinar tilvitnanir í viðmælendur til skýringar og dýpkunar.

Almenn lýsing á viðmælendahópnum

Fullorðnu skilnaðarbörnin sextán voru á aldrinum 18–57 ára þegar viðtalið var tekið, en flest í kringum tvítugsaldur. Þetta voru 12 konur og 4 karlar sem höfðu reynslu af jafnri búsetu hjá foreldrum eftir skilnað. Nokkur bjuggu enn við það búsetuform hjá foreldrum. Við skilnað voru þau á aldrinum 2–18 ára. Aldursdreifingin var töluverð, en meðalaldur var 9,5 ár. Þannig höfðu sjö þeirra verið yngri en 10 ára og níu verið eldri en 10 ára. Þetta er ólíkt því sem tölur sýna í dag, því nú er algengast (yfir 50% tilvika) að börn séu um eða innan við sex ára aldur við lögskilnað og sambúðarslit foreldra. Rúmlega þriðjungur skilnaðarbarna er nú þriggja ára eða yngri, hlutfallið hærra hjá sambúðarforeldrum eða rúmlega helmingur (Hagstofa Íslands, e.d.). Hér verður ekki fjallað nánar um félagslega bakgrunnspætti úrtaksins, en ríkjandi var að annað foreldri eða bæði hefðu háskólamenntun og væru vel sett félagslega. Þetta kemur, sem fyrr segir, heim og saman við myndina bæði á Norðurlöndum og víðar.

NIÐURSTÖÐUR ÚR MEGINDLEGA HLUTANUM

Niðurstöður spurningalista sýndu að 570 af heildarhópnum, eða 20%, höfðu reynslu af aðskilnaði foreldra, þ.e. áttu foreldra sem ýmist höfðu skilið (453) eða aldrei búið saman (119). Þessar tölur endurspeglu þróun skilnaðartíðni um og eftir seinni hluta síðustu aldar, en skilnaðarbylgjan reis á Íslandi á áttunda áratugnum og varð þá um 30% (Hagstofa Íslands, e.d.).

Spurningunni um reynslu þessa hóps skilnaðarbarna af því að hafa búið við jafna búsetu hjá foreldrum eftir skilnað svöruðu 40 manns játandi. Þannig höfðu um 7% af þeim

545 sem höfðu reynt skilnað foreldra (eða átt foreldra sem bjuggu aldrei saman) reynslu af jafnri búsetu hjá foreldrum eftir skilnað. Heldur hærra hlutfall fólks sem átti foreldra sem skildu hafði reynslu af jafnri búsetu eða 53% samanborið við 47% þeirra sem áttu foreldra sem aldrei höfðu búið saman. Svör svo fámenns hóps gefa ekki tilefni til frekari tölfræðilegrar úrvinnslu eftir kyni, aldri og búsetu. Þá er ekki hægt að reikna út marktækan mun vegna smáðar hópsins. Skýrt kemur fram að það eru frekar þeir yngri en eldri í svarhópnum sem hafa reynslu af jafnri búsetu, en helmingur var á aldursbilinu 19–29 ára.

Svör við spurningunni um það hvort viðmælendur myndu mæla með þessu fyrirkomulagi við skilnaðarforeldra í dag skiptust þannig meðal svarenda sem höfðu reynslu af jafnri búsetu hjá foreldrum eftir skilnað að 66% sögðu já en 34% svöruðu neitandi. Hér er einnig skýr vísending um að þeim mun yngri sem svarendur eru, því líklegri séu þeir til að vilja mæla með þessu fyrirkomulagi. Þannig svöruðu um 50% í aldurshópnum 50–59 ára þessu játandi en 78% í aldurshópnum 19–29 ára. Þetta bendir væntanlega til þess að yngri kynslóð skilnaðarforeldra í dag sé að sama skapi líklegri til að velja þetta fyrirkomulag.

Opnu fylgispurningunni um rök með og á móti jafnri búsetu var frekar lítið og stuttlega svarað. Helstu rök svarenda með þessu fyrirkomulagi mátti greina í þrennt:

- (i) *Hagur barnsins*, samanber: „Það er barninu í hag að regluleg tengsl tryggi náin samskipti.“
- (ii) *Gagnkvæmni*, samanber: „Svo barn missi ekki samskipti við foreldri og gott fyrir foreldra að missa ekki úr uppeldi barnsins.“
- (iii) *Tilfinningaleg nauðsyn*, samanber: „Barni er nauðsynlegt að alast upp með báðum foreldrum.“

Mjög fáir settu fram rök gegn jafnri búsetu en í því sambandi voru nefnd atriði eins og óryggi, rótleysi og skaðsemi fyrir barnið.

NIÐURSTÖÐUR ÚR EIGINDLEGUM HLUTA

Sýn uppkominna skilnaðarbarna – misjöfn reynsla

Í stuttu máli var reynsla skilnaðarbarnanna sextán af jafnri búsetu hjá foreldrum að jafnaði jákvæð. Frásagnir þeirra lýstu þó talsvert misjafnri reynslu sem spannaði allt rófið, frá því að nefna mjög jákvæð og skýr dæmi um ánægju til þess að segja frá beinlínis neikvæðum dæmum. Fram kom skýrt mynstur í því hvernig viðmælendur nefndu svipuð og samsvarandi atriði til marks um hvort tveggja. Yngri viðmælendur sögðust frekar geta mælt með þessu fyrirkomulagi en þeir eldri. Skilnaðarbörnin lýstu hiklaust annmörkum fyrirkomulagsins og vonbrigðum yfir samskiptum foreldranna. Um leið og þau lýstu kostum þess að geta haft áfram jöfn tengsl við báða foreldra tjáðu þau líka hollustuklemmu, sárindi og gremju yfir vandræðum foreldranna gagnvart hvort öðru sem börnin fóru oft og tíðum ekki varhluta af.

Hér á eftir er viðtalsefniviðurinn greindur í undirflokkar frásagna um (1) jákvæða reynslu, (2) neikvæða reynslu, (3) breytingar í samskiptum og hlutverkum foreldranna, (4) rótleysi, óryggiskennnd og kvíða barna, (5) jafna búsetu út frá viðurkenndum forsendum og (6) jafna búsetu út frá hagsmunum foreldra. Meginþemu eru dregin fram.

Jákvæð reynsla

Jákvæð reynsla kom fram í jákvæðum ummælum um fyrirkomulagið, annars vegar um að það hefði gefið tækifæri til að eiga áframhaldandi traust og jöfn tengsl við báða foreldra í uppvextinum og hins vegar um ánægju með samskipti foreldranna.

Flestir viðmælendur, 12 af 16, greindu frá góðum eða hlutlausum samskiptum og virku foreldrasamstarfi. Þessir foreldrar virtust þannig halda eigin ágreiningi og ástæðum fyrir skilnaðinum frá börnunum:

Samskipti þeirra [foreldranna] hafa alltaf verið góð. Þau þekkja hvort annað svo vel. Þau virða hvort annað og vita að þau eru ekkert að fara að breyta neinu, þau vinna bara í kringum það. [VM1]

Samkomulagið var í flestum tilvikum þannig að foreldrarnir gátu komið inn hjá hvort öðru og voru í reglulegu sambandi:

Ég man meira að segja að mamma var stundum að passa mig heima hjá pabba og þetta var allt svona líbó. [VM15]

Fjármálum var í flestum tilvikum haldið frá börnunum og foreldrarnir skiptu með sér kostnaði sem tengdist barninu:

Það var bara svona, ég skal borga þetta núna og ég skal borga þetta núna, það var bara samkomulag. [VM14]

Fram kom að foreldrar lögðu sig fram um að samstillta tilveru barnsins sín á milli, m.a. til þess að það myndi sem minnst fyrir breytingunum:

Fyrstu svona þrjú jólin eftir skilnaðinn þá vorum við alltaf saman, ég, mamma og pabbi, sem hjálpaði mér mjög mikið, því þá breyttist ekkert. [VM6]

Flestir foreldrarnir bjuggu í sama skóla/íbúðahverfi sem skipti miklu fyrir jákvæða sýn barnanna:

Þau hafa alltaf verið góðir vinir. ... Þau gerðu samkomulag sín á milli um að búa alltaf í sama hverfinu. [VM9]

Viðmælendur sem upplifðu að foreldrarnir virtu þörf barnsins fyrir upplýsingar, útskýringar og samráð lýstu því hvernig það stuðlaði að meiri sátt við skilnaðarferlið og fyrirkomulagið:

Þau báru það undir mig og mér fannst bara fínt að prófa að taka viku og viku og ef það var eitthvað sem ég vildi breyta þá var þetta bara undir mér komið. [VM16]

Ég var alltaf höfð með í ráðum, ég var spurð hvort ég vildi hafa pabbahelgar og ég sagði nei, ég vil hafa jafnt. Og þau fóru bara alveg eftir því. [VM9]

Frásagnirnar um jákvæða reynslu hér að framan sýna hversu mikils virði það er fyrir börnin að foreldrar séu samstilltir, vinni saman að hagsmunum barnanna og virði þarfir þeirra fyrir upplýsingar og samráð.

Neikvæð reynsla

Neikvæð reynsla kom fram í gagnrýnum ummælum viðmælenda. Annars vegar tengdust þau framkvæmdarhlíðinni, þ.e. praktískum vandamálum í kringum það að þurfa að ferðast með dótið sitt milli heimilanna og geta ekki verið með vinum sínum. Hins vegar lýstu þau óánægju og tilfinningalegri vanlíðan eins og rótleysi, togstreitu og óöryggiskennnd sem tengdist skýrt vandræðum foreldranna.

Þessir viðmælendur virtust flestir telja að helsti ókostur við jafna búsetu væri hið svokallaða „ferðatöskulíf“, þ.e. að þurfa sífellt að fara milli heimila og ferðast með dótið sitt:

Það er vesen að vera með tvö heimili, að vera alltaf að flakka á milli, dótið sitt hér og þar, en það er rosalega þægilegt að geta verið á báðum heimilum. [VM1]

Ókostirnir eru klárlega að vera í ferðatösku, það getur verið ferlega þreytandi og pirrandi en samt kostur að fara og vera með þeim báðum, það kemur á móti að eiga tengsl við þau bæði. [VM2]

Ef foreldrar bjuggu ekki í sama hverfi hafði fjarlægð milli heimila greinilega neikvæð áhrif, sérstaklega þegar börnin komust á unglingsaldur og gátu ekki hitt vini sína sökum þess:

Þetta var þínu einmanalegt þegar þau bjuggu ekki í sama hverfinu, að geta ekki farið til vina sinna, ég man að þetta var orðið miklu meira vandamál þegar ég var orðin unglingur, það var aðallega þá sem ég fór í vont skap yfir þessu. [VM15]

Neikvæð reynsla viðmælenda kom einnig fram í lýsingum þeirra á samskiptaleysi foreldra og óvild í garð hvors annars:

Það sem mér sárnaði mest var andúðin sem pabbi hafði á mömmu og mamma á pabba, það situr í manni. ... Við sáum missættið og urðum varir við þetta og þetta var bara leiðinlegt, erfitt tilfinningalega. [VM8]

Það sem mér fannst kannski erfiðast við þetta skilnaðarmál var að ég hafði alltaf á tilfinningunni að þau væru óvinir öll þessi ár, alltaf. [VM13]

Slæm samskipti eða samskiptaleysi foreldra höfðu einnig áhrif á tengsl barnanna við ömmu/afa og stórfjölskylduna og ollu upplausnartilfinningu:

[Fjölskyldu]tengslin minnkuðu rosalega mikið. Bæði í pabba fjölskyldu og í mömmu fjölskyldu. ... Maður var einhvern veginn svo einangraður, af því maður var allt í einu partur af tveimur fjölskyldum, þannig að það var erfiðara að halda í einhvern veginn. [VM1]

Þegar foreldrarnir voru ósáttir og börnin fundu fyrir togstreitu og ágreiningi um fyrirkomulag töluðu viðmælendur oft um ósamræmi í reglum og venjum á heimilunum. Þetta virtist skipta þau meira máli eftir því sem þau urði eldri:

Þetta voru mjög ólík heimili, mjög ólíkar reglur þannig að maður var alltaf að aðlaga sig að mjög mismunandi heimilum. [VM13]

Ég held að sameiginleg umgengni virki örugglega betur þegar krakkarnir eru yngri heldur en þegar þau eru orðin eldri. Ef foreldrarnir eru með reglur sem eru samhæfðar, ekki eins og var hjá mér. [VM1]

Í frásögnunum kom fram gremja í garð foreldranna þegar sagt var frá því hvernig upplýsingum var haldið frá börnunum, samráð skorti og þau höfðu ekki fengið tækifæri til þess að vera þátttakendur í ferlinu:

Það var alltaf mesti ókosturinn við allt saman að okkur var haldið utan við þetta. Við tókum ekki þátt, ekki einu sinni umræður, ekki spurðir á lits. [VM8]

Mér finnst að [börnin] hefðu alveg átt að fá að segja eitthvað hvað þau vildu gera, ekki bara þú átt að vera þarna. [VM1]

Í frásögnnum um neikvæða reynslu kom fram hvernig gallar jafnrar búsetu, m.a. umrót og röskun á tengslum í lífi barna, magnast þegar foreldrarnir eru ekki samstíga. Þrátt fyrir annmarkana var ríkjandi að viðmælendum fyndist jöfn samvera með hvoru foreldri um sig vega þar upp á móti. Rótið væri fórnarkostnaður sem þau þyrftu að bera. Þegar börnin fengu ekki upplýsingar og þeim var ekki gefinn kostur á að tjá sig kom glögg fram að það endurspegladi yfirleitt samskiptahnökra foreldranna.

Breytingar á samskiptum og hlutverkum foreldra

Nokkuð var um að viðmælendur lýstu ólíkum samskiptum við foreldra og hvernig staða þeirra breyttist við skilnaðinn. Hlutverk þeirra urðu ólík, t.d. þegar faðir sem hafði verið vanvirkur í uppeldishlutverkinu fyrir skilnað varð virkari eftir skilnaðinn:

Ég man ekki eftir að pabbi hafi verið mikill partur af foreldrahlutverkinu [áður en þau skildu], það var alltaf mamma sem ól mann upp. ... Maður spurði alltaf mömmu, maður spurði aldrei pabba. Í minningunni var það þannig. En þetta breyttist. [VM1]

Langflestir viðmælendur töldu sig eiga gott samband við foreldra sína hvora um sig, þó að hlutverk þeirra gætu verið ólík og samskiptin stíð:

Þau eru bara mjög ólík, samskiptin. ... Mamma vill gefa okkur það sem okkur vantar og stundum er bara í körlum að þeir fatta ekki hlutina. Fatta ekki að það þurfi að kaupa fót og eru ekki eins að láta mann hafa pening. [VM4]

Margir lýstu líka sterkari tengslum við föður eftir skilnað en við móður:

Örugglega bara sterkari [tengsl við pabba] ef eitthvað er. Meiri samræða, það var ekki til staðar áður því hann var alltaf að vinna. Ég held að tengsl [við mömmu] hafi orðið stíðari einhvern veginn. ... Þau breyttust, voru ekki jafn sterk og áður. [VM1]

Þó að viðmælendur lýstu breytingum á hlutverkum foreldranna og samskiptum við þá höfðu flestir átt gott og virkt samband við báða foreldra sína, bæði fyrir og eftir skilnað. Þessar aðstæður virtust hafa ráðið miklu um að valin var jöfn búseta og að börnin tjáðu umburðarlyndi í garð foreldranna.

Rótleysi, óöryggi og kvíði

Nokkuð var um að í frásögnunum mætti greina óöryggi, kvíða og streitu. Þetta tengdist oftast bæði gagnrýninni sýn á fyrirkomulagið og gremju í garð foreldranna. Þetta kom iðulega fram þegar viðmælendur lýstu upplifun sinni á rótleysi sem fylgdi því að fara á milli og eiga ekki einn fastan samastað:

Það verður að hugsa dæmið til enda, er þetta gott fyrir barnið, þetta rót? ... Forsendurnar voru ekki til staðar á báðum stöðum þannig að þetta gæti gengið upp. [VM7]

Það var bara eitthvað svona rót, ég get ekki útskýrt það meira. [VM15]

Í frásögnunum kom fram tilfinningaleg vanlíðan tengd ósætti og samskiptaerjum foreldranna kringum fyrirkomulagið:

Ég er ekki alveg að sjá það að barn sem á að skipta sér á milli í viku og viku á sitt hvort heimilið geti nokkurn tímann átt einhverja rótfestu. Ég sé það bara ekki. ... þetta er ekki fýsilegur kostur fyrir barn að alast upp í. [VM7]

Ég var orðin rosalega stressað barn yfir þessu, man hvað þetta var stressandi að búa á tveimur stöðum. [VM15]

Þá kom fram öryggisleysi og söknuður þegar þriðji aðili kom inn í líf foreldrisins:

Ég fann svo mikið öryggi hjá mömmu, ég gat alltaf skriðið uppi til hennar. Þegar pabbi kynntist konu þá vildi hann ekki hafa mig uppi. Það er þessi óöryggistilfinning. [VM15]

Jafnframt því að vandræði í samskiptum og samstarfi foreldranna höfðu neikvæð áhrif á líðan barnanna reyndu þau að gera gott úr því og verða ekki sjálf til frekari vandræða:

Ég hugsa að krakkar reyni alltaf að gera rosa gott úr öllu, frekar en að gera meiri vandræði. [VM13]

Þessu til viðbótar voru dæmi um að foreldrum hefði verið ráðlagt það, eða beinlínis uppálagt af barnavernd eða sýslumanni að hafa jafna búsetu, þótt ljóst væri að þau uppfylltu alls ekki viðtekna forsendur sem raktar voru hér að framan. Í þessum tilvikum upplifði barnið erfiða hollustuklemmu og streitu:

Ég man eftir að hafa farið til barnaverndarnefndar með foreldrum mínum og ég var spurð þar hvort ég vildi vera hjá mömmu eða pabba og ég svaraði báðum og svo pissaði ég niður, ég var ofsalega hrædd. ... Ég var bara á milli tveggja elda. [VM7]

Frásagnirnar í þessum flokki lýstu erfiðri stöðu, vanlíðan og streitu barnsins sem mátti rekja til þess að foreldrarnir höfðu ekki forsendur til að vinna saman.

Jöfn búseta valin út frá viðurkenndum forsendum

Í frásögnum skilnaðarbarnanna kom skýrt fram hvernig hnökralaus samskipti og samvinna foreldranna höfðu ráðið miklu um að vel tókst til. Þetta var andstætt því sem fram kom hér á undan um togstreitu, óöryggiskennd og kvíða barnanna þegar foreldrar áttu áfram í erjum sem þau gátu ekki haldið fyrir sig.

Það sem hér kom fram er í raun í fullu samræmi við þær æskilegu og viðurkenndu forsendur sem raktar voru í inngangi. Foreldrarnir höfðu unnið sig út úr tilfinningalegum átökum og ósætti sín á milli og lagt áherslu á að börnin myndu ekki fyrir missætti:

Þetta var held ég rosalega svona ljúfur skilnaður hjá þeim, ég man ekki eftir neinu rífrildi, þau rífast aldrei fyrir framan mig allavega. [VM15]

Ég myndi 100% mæla með þessu. Ég myndi ráðleggja [foreldrum] að hafa algerlega ósætti og rífrildi fyrir utan, það myndi ég segja að væri alltaf í forgrunni. [VM9]

Foreldrarnir gátu átt lipur samskipti, hist og rætt saman um daglegt líf barnsins:

Maður sér foreldra sína jafnt og það er ekkert vesen, ekki verið að rífast og svona. ... Þau komu stundum, kirtu inn [hjá hvort öðru] og stundum í kaffi líka. [VM11]

Mér finnst ég rosa heppin að foreldrar mínir eru bestu vinir. Mér finnst ég stundum heppnari en þeir sem voru hjá báðum [foreldrum], finnst ég græða á þessu. [VM9]

Þá kom jafnframt fram hvernig foreldrar létu velferð barnsins sitja í fyrirrúmi fyrir eigin þörfum og hagsmunum. Barnið uppskar þá meiri athygli og nánara samband bæði við foreldrið og stórfjölskylduna:

Mér fannst þetta mjög fínt, ég fékk að kynnast mömmu og pabba í sitt hvoru lagi og ekki verið að trufla eitthvað. ... Ég fékk alla athyglina það var mjög fínt. [VM6]

Ég sé eiginlega bara kosti við þetta. Ég á miklu stærri fjölskyldu og miklu fleiri alltaf í kringum mig. Svo á ég auðveldara með að aðlagast. [VM9]

Foreldrarnir lögðu sig fram um að stuðla að samfellu í lífi barnsins, t.d. með því búa í sama (skóla)hverfi:

Þau útskýrðu alveg að þau myndu passa að búa alltaf nálægt hvort öðru þannig að við gætum alltaf verið hjá þeim báðum. [VM5]

Þau hafa alltaf búið í sama hverfi þannig að þetta hefur aldrei haft mikil áhrif á mig, mitt líf er bara eins og alltaf. [VM9]

Foreldrarnir reyndu að finna bestu lausnina fyrir barnið og gerðu ráð fyrir því á báðum heimilum, bæði hvað varðaði búnað, rými og tíma:

Kannski höfðu þau áhyggjur af því hvernig það kæmi út fyrir mig, en á endanum hafa þau hugsað að það er ekki til nein fullkomin lausn á þessu máli, og þetta er hugsanlega skást fyrir okkur þrjú. [VM13]

Kostirnir eru aðallega að fá að vera hjá báðum, fá að eyða tíma með þeim jafnt. Þegar þú ert svona viku [og viku] þá upplifir þú að þetta sé heimilið þitt, þú upplifir þig ekki eins og að-skotahlut, maður hefur herbergi og maður hefur sitt svæði. [VM4]

Foreldrarnir vildu styðja tengsl barnsins við ömmur og afa og frændgarðinn beggja vegna eftir skilnað:

Ef það er matarboð hjá ömmu þá förum við þangað, sama hjá hvoru foreldri við erum þannig að það breytir engu. [VM11]

Amma og afa bjuggu rétt hjá mér og mömmu, föðuramma mín, ég gat í raun oft farið til hennar ef ég vildi koma í heimsókn. Ég var alltaf í mjög góðum tengslum við þau og líka við móðurömmu og -afa. [VM15]

Í frásögnunum hér á undan um val á jafnri búsetu út frá viðurkenndum forsendum kom fram mikil sátt við fyrirkomulagið. Togstreita eða óöryggi vegna umskiptanna náði ekki að grafa um sig þegar foreldrarnir voru samstilltir. Í því sambandi tjáðu skilnaðarbörnin vissa aðdáun á foreldrunum og að skilnaðurinn hefði í raun breytt litlu nema ef til vill til hins betra í tengslum þeirra við báða foreldra og ömmur og afa.

Jöfn búseta valin út frá hagsmunum foreldra

Fram kom að foreldrar höfðu stundum verið sammála um fyrirkomulagið og vildu vinna saman að því þótt talsvert skorti á í samskiptum og samstillingu. Það hafði verið valið af öðrum ástæðum en hagsmunum barnanna, og þau liðu í raun fyrir það. Af frásögnunum mátti hér greina tvenns konar ástæður fyrir valinu.

Annars vegar var um að ræða hagkvæmni. Foreldrar höfðu þá lagt áherslu á að þetta væri hagkvæmt fyrirkomulag, út frá persónulegum aðstæðum, m.a. húsnæði og starfi, og þörf þeirra sjálfra fyrir að hafa barnið hjá sér:

Á þessu tveggja ára tímabili þá voru þau sitt á hvað hjá okkur, þangað til húsið var selt. ... Þegar mamma birtist þá fór pabbi út, bara í fússi, síðan kom pabbi aftur og mamma þurfti að fara út. Þetta var svona fram og til baka, við áttum vont með að þola þetta. [VM8]
Það hentar þeim vel út af vinnu, þau eru bæði í vaktavinnu og geta þá skipulagt í kringum vikuna sem ég er ekki hjá þeim, þannig að þau vinna meira þegar ég er ekki hjá þeim. [VM16]
Þau vildu bara bæði hafa mig alltaf hjá sér. [VM15]

Hins vegar virtist sanngirni eða kynjajafnrétti hafa áhrif á val foreldra á jafnri búsetu. Þau höfðu látið í ljósi skoðanir um að það væri sanngjarnt og í anda foreldrajafnréttis að skipta umsjón og upplendi barnanna jafnt á milli sín:

Þetta var bara einhver málamiðlun hjá þeim ... Bara meira jafnrétti fyrir foreldrana. Kannski hefur þessi umræða verið rosalega mikið um jafnrétti foreldrana, en ekki hvað er best fyrir barnið. [VM15]

Í frásögnum þar sem hagkvæmi og sanngirni fyrir foreldra var meginforsenda fyrir jafnri búsetu, frekar en líðan barnsins, komu fram bæði efasemdir um val foreldrana, tilfinningaleg vanlíðan og gremja yfir aðstæðum sem börnin voru sett í.

SAMANTEKT, UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR

Þegar á heildina er litið var sýn og reynsla skilnaðarbarnanna jákvæð. Þau hikuðu þó ekki við að lýsa ýmsum annmörkum jafnrar búsetu. Í bæði megindlegum og eigindlegum hluta rannsóknarinnar höfðu yngri viðmælendurnir almennt jákvæðari sýn og reynslu en þeir eldri. Það eru veigamiklar og umhugsunarverðar niðurstöður. Styrkleiki felst í því að þær eru í samræmi við og bæta við fyrri rannsóknir. Þótt það teljist til veikleika hversu fáir tóku þátt í megindlega hlutanum (sem náði til 18–59 ára á landsvísu) felst ávinningurinn í því að svörun er viðunandi. Jafnframt speglar myndin þann veruleika að jöfn búseta hefur færst í vöxt á undanförunum árum og að tiltölulega fátítt var að fullorðin skilnaðarbörn byggju við þetta fyrirkomulag á árum áður. Tölurnar endurspeglar í raun þróun skilnaðar-tíðni um og eftir seinni hluta síðustu aldar, en skilnaðarbylgjan reis á Íslandi á áttunda áratugnum og varð þá um 30%. Sú tíðni hefur haldist svipuð síðan, og hefur hlutfallið allan tímann mælst hér lægst á Norðurlöndum (Hagstofa Íslands, e.d.). Þær niðurstöður að það séu þeir yngri í svarendahópnum sem hafa frekar reynslu af jafnri búsetu en þeir eldri eru einnig í samræmi við vísbendingar úr fjölskyldurannsóknum. Þær tengjast því að hugmyndin um jafna búsetu barna hjá foreldrum eftir skilnað fékk ekki byr undir vængina fyrr en um og eftir síðustu aldamót, en eins og áður segir náði svarhópurinn upp til 59 ára aldurs.

Frásagnir skilnaðarbarnanna í eigindlega hlutanum eru að miklu leyti samhljóða en einnig ný og mikilvæg viðbót við það sem foreldrar í fyrri rannsókn (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013), höfðu greint frá um viðhorf sín og reynslu. Þeir foreldrar sem þar höfðu valið jafna búsetu áttu góð samskipti og virkt foreldrasamstarf og lýstu fyrirkomulaginu nánast eingöngu sem jákvæðu. Þeir settu það fram sem „fyrirmyndar fyrirkomulag“ og nefndu sjaldan efasemdir um atriði varðandi börnin. Þannig réttlættu þessir foreldrar það líka ef ekki hafði verið talað við börnin og sögðu að þeir vildu hlífa barninu, hefðu ekki næga þekkingu eða að þetta kæmi bara jafnóðum. Um vanda sem gæti fylgt umróti og óöryggi við að fara milli heimila og búa á tveimur stöðum var því svarað til að börn hefðu góða aðlögunarhæfni. Skilnaðarbörnin sem hér tala tilgreindu hins vegar skýrt í frásögnum sínum dæmi um ókosti fyrirkomulagsins og lýstu neikvæðum áhrifum þess á líðan sína og daglegt líf, einkum þegar breistir voru í samskiptum foreldranna. Jafnframt tóku þau þó fram að þau væru almennt sátt við það, því það væri „skárri“ en að missa tengsl eða hafa óregluleg samskipti við annað foreldri sitt.

Í stuttu máli lýstu uppkomnu skilnaðarbörnin að jafnaði jákvæðri eigin reynslu af jafnri búsetu í þeim tilvikum þegar foreldrarnir höfðu átt góð samskipti og virkt foreldrasamstarf. Í því fólst líka að foreldrarnir höfðu verið samstíga í að virða vilja og þarfir barnanna og lagt sig fram um að tala við þau og útskýra málin. Á hinn bóginn lýstu þau neikvæðri eigin reynslu af jafnri búsetu þegar foreldrarnir höfðu átt lítil eða slæm samskipti og stirt foreldrasamstarf. „Ferðatöskulífi“ (einsog þau kölluðu það), róti, kvíða og álagi sem því fylgdi, var lýst sem ósanngjörnum fórnarkostnaði sem börnin þyrftu að bera. Efasemdir sneru einnig að því þegar foreldrar virtust fyrst og fremst hafa valið jafna búsetu af sanngirnis- eða hagkvæmnisástæðum, svo sem eigin húsnæðis- og starfsaðstæðum eða eigin þörf fyrir að vilja hafa barnið jafn mikið hjá sér. Sum tóku fram að það þyrfti þó í sjálfu sér alls ekki að vera galli að fyrirkomulagið hentaði foreldrunum vel og auðveldaði þeim

lífið, en þau þyrftu að geta haft samvinnu um það og mættu ekki gleyma barninu. Þetta er í samræmi við umræðu áðurnefndra danskra fræðimanna um að jöfn búseta barna hjá foreldrum eftir skilnað eigi meira fylgi að fagna þar sem það henti foreldrum sem vilja laga sig að breyttum samfélagsaðstæðum og gildum. Hér komi til jafnari staða kynjanna á vinnumarkaði og aukin einstaklingshyggja. Þetta atriði og sérstakt álag sem mörg skilnaðarbörn í jafnri búsetu upplifa vegna ferðalaga milli heimila eru áhættuþættir sem þarf að gefa meiri gaum (Ottosen og Schwartz, 2013; Smart, 2004).

Upplýsingar um upplifun fullorðinna skilnaðarbarna á jafnri búsetu eru mikilvægt framlag til umræðunnar, ekki síst nú þegar fyrir liggur að jöfn búseta verður algengari og foreldrahópurinn sem velur hana sífellt sundurleitari. Í því samhengi er vert að árétta það sem fram kom í inngangskafli, að forsjárfyrirkomulag og búsetu- og samvistaskipan eru tvö aðskilin atriði. Sameiginleg forsjá er þannig ekki forsenda jafnrar búsetu og hún leiðir alls ekki sjálfkrafa til jafnrar búsetu. Þess hefur þó gætt í umræðunni undanfarið að foreldrar telji sameiginlega forsjá þýða í raun að búseta skuli vera jöfn og jafnvel að meðlagsgreiðslur falli niður þegar búsetufyrirkomulagið er með þessum hætti. Þetta er rangt. Lögum samkvæmt á lögheimilisforeldri alltaf rétt á meðlagi úr hendi umgengnisforeldris, einnig í þeim tilvikum þegar samkomulag verður um jafna búsetu. Þessi atriði eru meðal þess sem þarf að upplýsa foreldra betur um.

Þótt margt í niðurstöðunum komi ekki á óvart þá hefur það mikilvægt þekkingarlegt gildi að sjá staðfestingu á þeim í frásögnum skilnaðarbarnanna sjálfra. Það á ekki síst við um þau neikvæðu áhrif sem það hefur á barnið þegar foreldrar velja jafna búsetu þótt ekki séu til staðar viðurkennd skilyrði um góða foreldrasamvinnu og lipur samskipti. Það kemur líka skýrt fram hversu þungbært það er fyrir barnið þegar foreldrar hvorki ræða við það né hlusta eftir óskum þess og líðan.

Vitneskjan sem hér kemur fram kallar á frekari umræðu og viðbrögð af hálfu fagfólks og stjórnvalda, og hún er tilefni til gagnrýnnar skoðunar á bæði löggjöf, upplýsingum og ráðgjöf sem beint er til foreldra í skilnaði. Niðurstöðurnar sýna að eigi jöfn búseta að verða heppilegt fyrirkomulag fyrir börn þarf mikilvægum skilyrðum að vera fullnægt. Þessi skilyrði, sem byggjast á alþjóðlegum rannsóknum og klínískri reynslu, og lýst er í inngangskafli, snerta skilnaðarúrvinnslu og sátt foreldra, ábyrgð, foreldrasamstarf og fjölskyldusamskipti. Önnur skilyrði snúa að atvinnu, húsnæðis-, búsetu- og fjárhagsstöðu foreldra.

Annars staðar hefur verið fjallað um nauðsyn opinberrar skilnaðarráðgjafar sem tekur bæði til fræðslu og leiðbeininga fyrir skilnaðarforeldra með mismunandi þarfir og ólíkar forsendur til foreldrasamstarfs (Sigrún Júlíusdóttir og Íris Dögg Lárusdóttir, 2013; Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Í slíkri skilnaðarráðgjöf fá foreldrar fræðslu um forsendur þess fyrirkomulags sem valið er og leiðsögn um framkvæmd þess. Annars vegar snertir þetta foreldrasamstarf og ábyrgðarskiptingu á jafnræðisgrunni og hins vegar nægilega góð samskipti til þess að vellíðan og velferð barnsins sé ekki ógnað.

Ríki ágreiningur milli foreldra tryggja ný ákvæði barnalaga frá 2012 um sáttamiðlun að þeir taki þátt í henni, enda er hún forsenda þess að úrskurða megi í málinu eða höfða forsjármál. Í barnalögum frá 1992, þegar sameiginlega forsjáin var fyrst heimiluð, voru sett skilyrði um að foreldrar væru sammála um öll atriði er lúta að barninu. Ef upp kom

ágreiningur þurfti fyrst að slíta sameiginlegu forsjánni til að unnt væri að fá úrskurð sýslumanns um ágreining. Í lögnum frá 2012 er gefinn kostur á að úrskurða jafna umgengni í allt að 7 daga af 14. Þótt þetta þýði í reynd jafna búsetu eru ekki sett skýr skilyrði um hæfni foreldra til samstarfs. Þegar foreldrar eru sammála um jafna búsetu er þeim heldur ekki tryggð ráðgjöf um það hvort fyrirkomulagið henti þeim í raun. Sýslumaður getur þó neitað að staðfesta samkomulag foreldra um umgengni ef hann telur það ekki vera barni fyrir bestu. Eins og fram kemur í þessari rannsókn og staðfest er í öðrum sambærilegum rannsóknum, þarf því að koma upplýsingum á framfæri við skilnaðarforeldrana sjálfa jafnt sem yfirvöld. Ætla má að rannsóknarniðurstöður um þau atriði sem hafa sýnt sig að vera nauðsynleg forsenda jafnrar búsetu geti gert foreldrum betur kleift að máta sig við það fyrirkomulag og meta hvort það sé heppilegast fyrir barnið eftir skilnaðinn.

Í ljósi niðurstaðna okkar má álykta að foreldrar, sem standa frammi fyrir ákvörðun um fyrirkomulag á búsetu barna og umgengni, þurfi fyrst og fremst á þrennu að halda: Í fyrsta lagi að völd sé á fræðsluefni þar sem miðlað er fyrirbyggjandi þekkingu, m.a. um lagaramma um réttindi og skyldur, og hugtök eru skýrð, ásamt að lágmarki einu upplýsinga- eða samvinnusamtali (s. samarbetssamtal) sem skyldu fyrir alla foreldra sem sækja um skilnað (Socialstyrelsen, 2003). Í því felst meðal annars ráðgjöf um það hvenær hvaða fyrirkomulag, eins og til dæmis jöfn búseta, hentar í ljósi aðstæðna, aldurs og þroska barns, en einnig innri og ytri aðstæðna foreldra. Í slíkri sérfræðilegri skilnaðarráðgjöf er athygli beint að því sem hér kom fram, þ.e. ákalli barna um að þeim sé sagt frá því sem er að gerast í lífi þeirra, þeim gefinn kostur á að tjá eigin óskir og hafa áhrif en þó ávallt í samræmi við aldur og þroska (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2005).

Í öðru lagi að foreldrum séu skapaðar formlegar forsendur til áframhaldandi foreldrasamstarfs. Hér getur opinber fjölskyldustefna og löggjöf sem tekur mið af hagsmunum barnsins stuðlað að því að tryggja foreldrum jafna stöðu til framfærslu og gagnvart upplýsingum frá opinberum stofnunum, án tillits til lögheimilis barnsins. Eins og reglum er nú háttað þá fylgir allur opinber stuðningur lögheimili barnsins með þeim afleiðingum að velji foreldrar jafna búsetu er ekkert tillit tekið til atriða eins og barnabóta og meðlags. Huga þarf að leiðum til að jafna rétt foreldra til opinbers stuðnings þegar um jafna búsetu er að ræða. Tvöfalt lögheimili hefur verið rætt sem ein leið. Fyrirkomulag meðlagsgreiðslna þarf einnig að skoða því það orkar tvímælis að jöfn búseta skuli ekki hafa áhrif á meðlagsgreiðslur. Samkvæmt gildandi reglum greiðir umgengnisforeldrið lögheimilisforeldrinu meðlag hvort sem umgengnin er jöfn eða lágmarksungengni. Þetta hefur eðlilega verið gagnrýnt en ekki verið ráðist í breytingar á meðlagsgreiðslukerfinu í samræmi við aukna umgengni (Heimir Hilmarsson, 2013). Meðal annarra atriða sem umgengnisforeldrar hafa verið ósáttir við er sú staðreynd að hið opinbera afmáir þá sem foreldra, t.d. á skattframtali og í skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu. Foreldrastaða er ekki sjálfkrafa skráð þannig að samstarf og upplýsingar nái til beggja foreldra. Úr þessu þarf að bæta.

Í þriðja lagi sé gætt að órofnum samskiptum barnsins við vini, báða foreldra og fjölskyldur, m.a. með ábendingum til foreldra um að búseta í sama eða nærliggjandi hverfi sé ein meginforsendan fyrir því að jöfn búseta heppnist vel. Búseta í sama skólahverfi auðveldar samskipti skólans og heimilanna og dregur úr röskun á vina- og félagatengslum

barnanna. Einnig myndi hvatning löggjafans til foreldra um að styðja við tengsl barnsins við ömmur, afa og frændgarðinn beggja vegna styrkja áhrif fjölskyldubakhjarls og stuðla að samfelli í lífi þess. Þetta varðar tilfinningalega kjölfestu barnsins, og hlýtur að vera áriðandi nú, á tímum breytileika, lausriðinna tengsla og félagslegs hreyfanleika. Foreldra-væn löggjöf og opinber stuðningur, m.a. með fræðslu og ráðgjöf, geta ráðið miklu um velferð skilnaðarbarna í þeirri þróun.

ATHUGASEMD

Rannsóknastofnun í barna og fjölskylduvernd veitti ráðgjöf um rannsóknarsnið og framsetningu niðurstaðna. Halldór Sig. Guðmundsson las handrit og veitti faglegar ábendingar. Tveir meistaranemar í félagsráðgjöf komu að verkefninu. Marie Greve Rasmussen tók hluta viðtalanna og Aníta Kristjánsdóttir aðstoðaði við heimildavinnu. Ólafur Ísleifsson og Þorsteinn Vilhjálmsson gáfu ábendingar um málfar og frágang. Rannsóknin hlaut styrk Rannsóknasjóðs Háskóla Íslands, Vísindanefndar félagsráðgjafardeildar og Aðstoðarmannasjóðs HÍ. Öllum þessum aðilum er þakkað fyrir samstarf og stuðning við rannsóknina.

HEIMILDIR

- Ahrons, C. (2004). What grown children have to say about their parents' divorce. *Children's Legal Rights Journal*, 24(1), 48–56.
- Ahrons, C. R. (2007). Family ties after divorce: Long-term implications for children. *Family Process*, 46(1), 53–65. doi: 10.1111/j.1545-5300.2006.00191.x
- Barnalög nr. 76/2003, með síðari breytingum, nr. 69/2006, nr. 61/2012. Útgáfa 144b.
- Benedikt Jóhannsson. (2012). *Til skiptis hjá foreldrum. Líðan og aðlögun unglinga eftir fjölskyldugerðum*. Sótt af <http://kirkjan.is/fjolskylduthjonusta/skraarsofn/fjolskylduthjonusta/Til-skiptis-hj%C3%A1-foreldrum.pdf>
- Bergström, M., Fransson, E., Hjern, A., Köhler, L. og Wallby, T. (2014). Mental health in Swedish children living in joint physical custody and their parents' life satisfaction: A cross-sectional study. *Scandinavian Journal of Psychology*, 55(5), 433–439. doi:10.1111/sjop.12148
- Bergström, M., Modin, B., Fransson, E., Rajmil, L., Berlin, M., Gustafsson, P. A. og Hjern, A. (2013). Living in two homes – a Swedish national survey of wellbeing in 12 and 15 year olds with joint physical custody. *BMC Public Health*, 13(868), 1–8. doi:10.1186/1471-2458-13-868
- Carlsund, Å., Eriksson, U., Löfstedt, P. og Sellström, E. (2013). Risk behaviour in Swedish adolescents: Is shared physical custody after divorce a risk or a protective factor? *European Journal of Public Health*, 23(1), 3–8. doi:http://dx.doi.org/10.1093/eurpub/cks011
- Carlsund, Å., Eriksson, U. og Sellström, E. (2013). Shared physical custody after family split-up: Implications for health and well-being in Swedish schoolchildren. *Acta Paediatrica*, 102(3), 318–323. doi: 10.1111/apa.12110

- Davíð Þór Björgvinsson. (1995). *Barnaréttur*. Reykjavík: Orator.
- Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir. (2015). *Jaðarstaða foreldra – velferð barna*. Ritróð um rannsóknarverkefni á sviði félagsráðgjafar, 8. hefti. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/23131>
- Guðný Björk Eydal og Rostgård, T. (ritstjórar). (2015). *Fatherhood in the Nordic welfare states: Comparing care policies and practice*. Bristol: Policy Press.
- Hagstofa Íslands. (e.d). *Giftingar og skilnaðir*. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/fjolskyldan/skilnadir/>
- Heimir Hilmarsson. (2013). *Framfærsluskuldur foreldra sem ekki búa saman: Opinber stuðningur við barnafjölskyldur*. BA-ritgerð: Háskóli Íslands.
- Jensen, H. S. (2013). *To hjem – én familie*. Kaupmannahöfn: FADL's Forlag.
- Juby, H., Bourdais, C. L. og Marcil-Gratton, N. (2005). Sharing roles, sharing custody? Couples' characteristics and children's living arrangements at separation. *Journal of Marriage and Family*, 67(1), 157–172.
- Kelly, J. B. (2007). Children's living arrangements following separation and divorce: Insights from empirical and clinical research. *Family Process*, 46(1), 35–52. doi:10.1111/j.1545-5300.2006.00190.x
- Kitterød, R. H. og Lyngstad, J. (2012). Untraditional caring arrangements among parents living apart: The case of Norway. *Demographic Research*, 27, 121–152. doi:10.4054/DemRes.2012.27.5
- Kitterød, R. H., Lyngstad, J., Nymoen, E. H. og Wiik, K. A. (2014). Flere barn har delt bosted. *Økonomiske analyser*, 33(2), 18–26.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfréi Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2009). *Ungt fólk 2009: 8., 9. og 10. bekkur: Menntun menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Marie Greve Rasmussen. (2012). *Fullkomin lausn eða skást fyrir alla: Reynsla fullorðinna skilnaðarbarna af jafnri búsetu*. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands.
- Ottosen, M. H. (2002). *Samboskab, ægteskab og forældrebrud: En analyse af børns familieforhold gennem de første leveår*. Kaupmannahöfn: Socialforskningsinstituttet.
- Ottosen, M. H. (2010). *Børn og unge i Danmark. Velfærd og trivsel 2010*. Kaupmannahöfn: SFI – Det Nationale Forskningscenter for Velfærd.
- Ottosen, M. H. og Schwarz, R. (2013). Beskyttelses- og risikofaktorer for skilsmissebørns trivsel i deleordninger. *Fokus på familien*, 41(1), 59–78.
- Ottosen, M. H. og Stage, S. (2011). *Dom til fælles forældremyndighed: En evaluering af forældreansvarsloven*. Kaupmannahöfn: SFI – Det Nationale Forskningscenter for Velfærd.
- Plantin, L. (2001). *Mäns föräldraskap: Om mäns upplevelser och erfarenheter av faderskapet*. Doktorsritgerð: Göteborgs universitet: Institutionen för socialt arbete.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Fjölskyldubreytingar, lífsgildi og viðhorf ungs fólks. Í Úlfar Hauks-son (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VII: Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráð- stefnu í október 2006* (bls. 211–224). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2012). Fjölskyldur – umbreytingar, samskipti og skilnaðarmál. Í Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson (ritstjórar), *Þróun velferðarinnar 1988–2008* (bls. 69–87). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Sigrún Júlíusdóttir og Íris Dögg Lárusdóttir. (2013). Skilnaðarráðgjöf: Rannsóknir um sjónarhorn félagsráðgjafa og þörf foreldra. *Tímarit félagsráðgjafa*, 7(1), 34–40.
- Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2008). Sameiginleg forsjá sem meginregla og íhlutun stjórnvalda: Rannsókn um sjónarhorn foreldra. *Tímarit lögfræðinga*, 58(4), 465–494.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). *Áfram foreldrar: Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2005). Réttur barna og velferð við skilnað foreldra: Um lýðræðishugsun og hagsmuni. *Tímarit lögfræðinga*, 55(2), 183–196.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. (2013). *Eftir skilnað: Um foreldrasamstarf og kynslóðatengsl*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Skjørten, K., Barlinhaug, R. og Lidén, H. (2007). *Delt bosted for barn*. Oslo: Gyldendal.
- Smart, C. (2004). Equal Shares: Rights for fathers or recognition for children? *Critical Social Policy*, 24(4), 484–503. doi:10.1177/0261018304046673
- Smyth, B. og Weston, R. (2004). The attitudes of separated mothers and fathers to 50/50 shared care. *Family Matters*, (67), 8–15.
- Socialstyrelsen. (2003). *Vårdnad, boende och umgänge: Handbok – stöd för rättstillämpning och handläggning inom socialtjänstens familjerätt*. Sótt af http://www.mfof.se/Documents/V%C3%A5rdnad,%20boende%20och%20umg%C3%A4nge/Vardnad_boende_umgange.pdf
- Sodermans, A. K., Matthijs, K. og Swicegood, G. (2013). Characteristics of joint physical custody families in Flanders. *Demographic Research*, 28(29), 821–848.
- Sólveig Sigurðardóttir. (2009). *Jöfn búseta barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað: Viðtalsrannsókn á reynslu tíu foreldra*. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands.
- Swiss, L. og Bourdais, C. L. (2009). Father – child contact after separation: The influence of living arrangements. *Journal of Family Issues*, 30(5), 623–652. doi:10.1177/0192513X08331023
- Wallerstein, J. S. (2005). Growing up in the divorced family. *Clinical Social Work Journal*, 33(4), 401–418. doi:10.1007/s10615-005-7034-y
- Þóroddur Bjarnason og Ársæll M. Arnarsson. (2011). Joint physical custody and communication with parents: A cross-national study in 36 western countries. *Journal of Comparative Family Studies*, 42(6), 871–890.
- Þóroddur Bjarnason, Bendtsen, P., Ársæll M. Arnarsson, Borup, I., Iannotti, R. J., Löfstedt, P., Haapasalo, I. og Niclasen, B. (2012). Life satisfaction among children in different family structures: A comparative study of 36 Western societies. *Children & Society*, 26(1), 51–62. doi:10.1111/j.1099-0860.2010.00324.x
- Öberg, G. og Öberg, B. (2002). *Vuxna skilsmässobarn berättar*. Stokkhólmi: Studentlitteratur.

Greinin barst tímaritinu 22. apríl 2015 og var samþykkt til birtingar 16. desember 2015

UM HÖFUNDANA

Sigrún Júlíusdóttir (sigjul@hi.is) er prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og rekur meðferðarþjónustuna Tengsl. Hún lauk félagsráðgjafarprófi frá Háskólanum í Lundi 1970; meistarapróf í klínískri félagsráðgjöf frá Michigan-háskóla 1978; löggiltu meðferðar-réttindanámi frá sálfræðideild Gautaborgarháskóla/Socialstyrelsen 1988; og doktorsprófi í fjölskyldufræðum frá Gautaborgarháskóla 1993. Meginrannsóknasvið hennar eru fjölskyldurannsóknir, skilnaðir og velferð barna.

Sólveig Sigurðardóttir (solvsig@gmail.com) lauk BA-prófi í félagsráðgjöf frá Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands 2008 og meistaraprófi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá sömu deild 2010. Sólveig starfar sem félagsráðgjafi við félagsþjónustu sveitarfélaga og barnavernd. Meginrannsóknasvið hennar eru skilnaður og fjölskylda.

Dögg Pálsdóttir (dogg@dp.is) er aðjunkt í lögfræði við Háskólann í Reykjavík og kennir þar barnarétt, hjúskapar- og sambúðarrétt og heilbrigðislögfræði. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1980, framhaldsnámi í lögum við Stokkhólmsháskóla 1980–1981 og meistaraprófi í lýðheilsufræðum (MPH) frá John Hopkins-háskóla í Baltimore 1986. Dögg hefur starfað sem lögfræðingur í Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 1981–1995, hæstaréttarlögmaður með eigin lögmannsstofu 1996–2011 og lögfræðingur hjá Læknafélagi Íslands frá 2011. Meginrannsóknasvið hennar eru fjölskylduréttur og heilbrigðislögfræði.

Voices of grown-up children of divorce: Their experience and perspectives of equal time-sharing arrangement

ABSTRACT

The article presents a study of the experiences of grown-up children of equal time-sharing arrangement following their parents' divorce. It is a continuation of the authors' previous research project on custody, living arrangements, parental cooperation and inter-generational communication (parents and grandparents) in sixteen Icelandic families. In that study the parents fell into three categories according to custody, parental style of cooperation and priority of the child, its well-being and interest. One category was parents with joint physical custody (JPC). Results showing entirely positive experience of the adults (parents and grandparents) gave rise to questions and attracted interest in obtaining knowledge from children of divorce about their perspective of that arrangement. Furthermore, it was of interest to try to map frequency and general views of JPC in Icelandic society over time.

Thus, this follow-up study is two-phased: Firstly, a quantitative part of a nation-wide sample mapping the frequency, as well as experience and views of individuals of an equal

time-sharing arrangement, JPC, following their parents' divorce. Questions for mapping of frequency, own experience and suggestions were sent out in a survey panel from the University of Iceland Social Research Institute. A nation-wide sample of 4066 people in the age group 18–59 years was used. Response rate was 63%. Out of the 2563 respondents 545 had experienced parents' divorce and 40 persons, i.e. 7%, said they had lived in JPC. Although the small number of respondents does not allow significant testing there were indications that JPC was more common among individuals whose parents had been married (53%) than among those of parents never living together (47%). Also, it was more likely that the younger group of respondents had experienced JPC than the older participants. Simultaneously the younger interviewees expressed a more positive attitude, claiming that they would recommend this arrangement for today's parents of divorce. These results are in accordance with those from Icelandic family research about legislative development on custody issues and changing attitudes to parental cooperation after divorce.

Secondly, a qualitative part was implemented, consisting of half-structured 45–60 minute interviews with 16 grownup children of divorce. Interviewees were partly selected from among respondents in the survey who had agreed to be contacted again for an interview study, partly through announcement among university students. Participants were 12 women and 4 men, mainly around the age of 20–22 when the interview was taken. They were aged 2–18 at the time when their parents divorced, and their average age was 9.5 years.

In a nutshell, the main conclusions of both the quantitative and qualitative parts indicate an overall positive experience of an equal time-sharing arrangement, JPC. However, negative experiences were also described. The interview material was analyzed on the basis of positive versus negative experiences, themes and concepts in the context of the narratives. The negative experience was primarily connected with parents not fulfilling core conditions of reconciliation, parental contact and cooperation, besides even having had open disputes or conflicts.

Secondly, the negative experience was connected with parents having chosen JPC primarily on the basis of their own preferences or personal interest in relation to their work and living conditions. The themes which emerged in this connection were associated with unsettled life and confusion in family relationships and instability in contact with friends. This was accompanied by feelings of insecurity, loyalty conflicts and anxiety, and sometimes irritation or rage over parents' disagreements or poor contact. Although expressing this critique, most interviewees claimed that JCP was better than irregular or no contact with one parent. The positive experience was mainly connected with the parent's ongoing contact and ample cooperation. The themes which emerged here were, furthermore, associated with experience of good planning and unchanged contact with families on both sides. In this connection, feelings of gratitude and even admiration of parents were expressed. Although conveying disappointment over the divorce, the interviewees expressed appreciation of the parents' concern about their wellbeing, and sometimes described their situation as special and fortunate. The results are discussed and it is concluded that the welfare of children of divorce needs to be protected by mediating special

information to parents about the core conditions for successful JPC, and by counseling those who are filing for divorce. Improvements related to law reforms, family life education and divorce counseling programs are suggested and discussed.

Keywords: equal time-sharing arrangement, divorce, parental cooperation, children's welfare, divorce counseling, family counseling

ABOUT THE AUTHORS

Sigrun Juliusdottir (sigjul@hi.is) is professor in Social Work, University of Iceland. Private practice, *Tengsl*. BSW, University of Lund 1970; MSW in clinical family work, University of Michigan 1978; licenced therapist, University of Gothenburg/Socialstyrelsen 1988; PhD in family research from the University of Gothenburg, 1993. Main research area: family research, divorce and children's welfare.

Solveig Sigurdardottir (solvsig@gmail.com) holds a BA degree in Social Work from 2010 and MA in Social Work with Professional Certification from 2011, both degrees from the Faculty of Social Work, University of Iceland. She was a social Worker in Social Services and Child Protection in Iceland 2010–2015. Main research area: families and divorce.

Dogg Palsdottir (dogg@dp.is) is a lecturer in Family and Medical Law, Reykjavík University. She holds a cand.jur. degree from the Faculty of Law at the University of Iceland 1980, has done postgraduate studies at Stockholm University 1980–1981, and she holds a MPH degree from John Hopkins University, Baltimore from 1986. She has been a lawyer at the Ministry of Health and Social Security 1981–1995, Supreme Court Attorney 1996–2011, and legal adviser at the Icelandic Medical Association from 2011. Main research areas: family law and medical law.

